

Athugasemd við tillögu að aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

Hér með er lagt til að um 2,5 ha svæði vestan Mýrarbrautar sbr. meðfylgjandi mynd verði skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota í aðalskipulagi í stað þess að vera óbyggt svæði.


Svæðið hefur undanfarin ár verið nýtt til hrossabeitar 2-3 mánuði á ári. Skv. upplýsingum héraðsfulltrúa Landgræðslunnar þarf landrými fyrir einn fullorðinn hest að vera um einn hektari af algrónu landi í þrjá mánuði sem þýðir að land þetta rúmar 2-3 hesta. Við skoðun fulltrúans á þessu svæði fyrir fáeinum árum kom í ljós áberandi rof á álagsblettum og ber svæðið merki þess að beitarálag hafi verið of mikið á liðnum árum.

Svæðið er blautt og því ekki sérstaklega vel fallið til beitar. Trjágróður getur dafnað ágætlega þó land sé nokkuð blautt auk þess sem hann hefur áhrif til þurrkunar svæðisins. Grunnvatnsstreymi í brekkunni er mikið og þekkt er að lóðir við Bakka- og Mýrarbraut eru blautar. Öflug trjárækt á svæðinu hefur jákvæð áhrif í til þurrkunar þó vissulega geti verið langur tími þar til um merkjanleg áhrif verði að ræða. Hér er því lagt til að á umræddu svæði verði þétt útplöntun á ösp og öðrum vatnsfrekum trjáplöntun. Með því að undanskila svæði nær byggðinni ætti slíkur skógarreitur ekki að skyggja á útsýni íbúa við Bakkabraut til norðurs.

Sveitarfélagið á nægt land til hrossabeitar og því er blettur þessi engan veginn ómissandi í þeim tilgangi.


Undirritaður hefur ýmislegt fleira við fyrirliggjandi tillögu að aðalskipulagi að athuga eins og fram hefur komið í bókunum á fundum sveitarstjórnar. Verður frekari athugasemdum komið á framfæri á þeim vettvangi ef færi gefst fyrir lok kjörtímabils.

Vík 2. febrúar 2010



Sveinn Pálsson
Austurvegi 6
870 Vík

Meðfylgjandi er kort af umræddu svæði.



Skógrækt til
landþurrkunar o.fl.
2,5 ha

Tillaga að opnu svæði til
sérstakra nota ofan Mýrarbrautar
02.02.10 Sveinn Pálsson